

**5**

**Umferðaröryggisúttekt  
Hringvegur,  
1-k8, 1-k9 og 1-m1**



10.08.2017

## Flokkun gagna innan Vegagerðarinnar

Flokkur	Efnissvið	Einkenni (litur)
1	Lög, reglugerðir, og önnur fyrirmæli stjórnvalda	Svartur
2	Stjórnunarleg fyrirmæli, skipurit, verkefnaskipting, númeraðar orðsendingar	Gulur
3	Reglur, alm. verklýsingar, sérskilmálar	Rauður
4	Handbækur, leiðbeiningar	Grænn
5	Greinargerðir, álitserðir, skýrslur, yfirlit	Blár
Ú	Útboðslýsingar	

## EFNISYFIRLIT:

1 Inngangur .....	2
2 Úttektarhópur og úttektarferli .....	2
3 Gögn .....	3
4 Slysagreining og mikilvægar upplýsingar .....	3
5 Samantekt um úttektina .....	8

## 1 Inngangur

Hringvegur, kaflar 1-k8, er 11,41 km langur, kaflar 1-k9 er 11,40 km langur og kaflar 1-m1 er 1,45 km langur. Þeir voru allir skoðaðir í heild sinni í þessari úttekt. Þessir kaflar tilheyra Norðursvæði Vegagerðarinnar. Kaflar 1-k8 liggur frá Gljúfurá norðaustur að Reykjabraut (724-01), kaflar 1-k9 liggur frá Reykjabraut (724-01) norður að Svínvetningabraut (731-01) og kaflar 1-m1 liggur frá Blönduósi, Efstubraut norðaustur að Skagastrandarvegi (74-01). Hringvegur er stofnvegur. Ársdagsumferð, ÁDU, árið 2013, á þessum vegköflum var 1177-1334 bílar á sólarhring. Leyfilegur hámarkshraði er 90 km/klst. á vegköflunum fyrir utan í lok kafla 1-k9 og byrjun kafla 1-m1, við Blönduós, þar er leyfilegur hámarkshraði 50 km/klst., sjá nánar töflu 1. Kaflar 1-m0 liggur í gegnum þéttbýlið á Blönduósi og var hann ekki tekinn út í þessu verkefni.



Mynd 1 Hringvegur, 1-k8, 1-k9, 1-m1.

## 2 Úttektarhópur og úttektarferli

Í úttektarhópnum voru Auður Þóra Árnadóttir, forstöðumaður umferðardeildar Vegagerðarinnar, Kristján Kristjánsson, forstöðumaður hönnunardeildar Vegagerðarinnar, Jón Hjaltason, verkefnastjóri á umferðardeild Vegagerðarinnar og Katrín Halldórsdóttir, verkfræðingur á umferðardeild Vegagerðarinnar.

Enginn sérstakur undirbúningsfundur var haldinn en það var ákveðið að gera vettvangsskráninguna og vettvangsskoðunina í einni ferð. Úttektarhópurinn sá um vettvangsskráninguna og vettvangsskoðunina og fór hún fram 10. september 2014.

Jón sá um akstur og mælingar. Auður og Katrín sáu um skráningu í vettvangsskráningarkerfið og tóku ljósmyndir. Auður, Katrín og Kristján mátu aðstæður. Katrín og Auður sáu um gerð skýrslunnar.

Við úrvinnslu kom í ljós að þegar hafði verið búið að skrá athugasemdir við suma staði á köflunum haustið 2013 á leið í formlega úttekt kafla frá og með 1-m2 til og með 1-m5. Þær athugasemdir tengdust flestar stöðum þar sem talið var að vegrið vantaði. Ákveðið var að halda öllum skráningum inni en atriði sem skráð voru 2013 eru sérstaklega merkt því ári.

## 3 Gögn

Gögnin sem úttektarhópurinn var með til hliðsjónar voru Veghönnunarreglurnar, Umferð á þjóðvegum og Umferðaröryggisúttekt vega, leiðbeiningar.

## 4 Slysagreining og mikilvægar upplýsingar

Á tímabilinu 2009-2013 urðu 52 umferðarslys á kafla 1-k8, 1-k9 og 1-m1 á Hringvegi, sjá myndir 2-5. Þau skiptust þannig að á kafla 1-k8 varð 21 slys, á kafla 1-k9 urðu 24 slys og á kafla 1-m1 urðu 7 slys.

Meðalslysátíðnin á einstaka köflum á tímabilinu var eftirfarandi:

1-k8: 0,84 slys á milljón ekinna km


1-k9: 0,85 slys á milljón ekinna km

1-m1: 2,13 slys á milljón ekinna km

Meðalslysátíðnin á köflunum í heild sinni á tímabilinu var 0,92 slys á milljón ekinna km. Til samanburðar var meðalslysátíðnin á þjóðvegum (þ.e. stofn-, tengi- og landsvegum) í dreifbýli 0,91 slys á milljón ekinna km á tímabilinu 2009-2013 og meðalslysátíðni á Hringveginum í dreifbýli var 0,82 slys á milljón ekinna km á sama tímabili. Meðalslysátíðnin á tímabilinu 2009-2013 á úttektarköflunum í heild sinni var því nánast sú sama og meðalslysátíðni á þjóðvegum í dreifbýli og aðeins hærri en meðalslysátíðni á Hringveginum í dreifbýli á sama tímabili.

Í 12 af 52 umferðarslysum urðu meiðsli á fólki, í einu tilviki urðu mikil meiðsli á fólki og í 11 tilvikum urðu lítil meiðsli á fólki. Hálfu – og ísingarslys voru algeng á vegkaflanum á tímabilinu sem var skoðað, í 16 tilvikum var hálfu eða ísing skráð á vegi þegar slys varð. Einnig var nokkuð algengt að vegurinn var þurr þegar slys varð eða í 11 tilvikum. Vegurinn var blautur í sex tilvikum og í þremur tilvikum var færðin skilgreind sem góð þegar slys varð. Í 16 tilvikum var ekki vitað um færð vegarins þegar slys varð. Í 25 tilvikum var dagsbirta úti þegar slysið varð. Í 11 tilvikum var myrkur eða rökkur en ekki er vitað um birtuskilyrði í 16 tilvikum.


Langalgengast var að slys varð við útafakstur, 24 tilvik, eða í 46% tilvika. Í 10 tilvikum var ekið á dýr á akbraut, í sex tilvikum var ekið á fastan hlut á akbraut, í fimm tilvikum var ekið á hlið bifreiðar, í tveimur tilvikum var ekið framan á aðra bifreið, í tveimur tilvikum varð slys við steinkast, í tveimur tilfellum varð slys þegar ökumaður bifhjóls féll af hjóli sínu og í einu tilviki varð slys við aftanákeyrslu.



**Mynd 2 Umferðarslys á Hringvegi, 1-k8.**

Á vegkafla 1-k8 varð 21 slys á tímabilinu 2009-2013. Í fjórum slysum urðu lítil meiðsli á fólki, öll urðu við útafakstur. Hálfka var á veginum í tveimur tilvikanna þegar lítil meiðsli urðu á fólki, vegurinn var blautur í einu tilviki og í einu tilviki var færð vegarins skilgreind sem góð. Í þremur tilvikum var myrkur eða rökkur og í einu tilviki var dagsbirta þegar slys varð með litlum meiðslum.

Tveir staðir á vegkafla 1-k8 eru eftirtektarverðir þegar slysin eru skoðuð. Á 218 m kafla frá stöð 4317-4535 urðu fjögur slys, í einu tilviki urðu lítil meiðsli í slysinu en engin meiðsli urðu í hinum. Í þremur tilvikum varð slys við útafakstur og í einu tilviki var ekið á dýr á akbraut. Í einu tilviki var ísing á veginum, í einu tilviki var færðin skilgreind sem góð en ekki er vitað um færð í tveimur tilvikum. Í tveimur tilvikum var dagsbirta en ekki er vitað um birtuskilyrði í tveimur tilvikum. Á 125 m kafla frá stöð 6122-6247 urðu þrjú slys, í einu tilviki urðu lítil meiðsli í slysinu en engin meiðsli urðu í hinum. Í einu tilviki varð slys við útafakstur, í einu þegar ekið var á hlið bifreiðar og eitt slys varð við aftanákeyrslu. Tvö slyssanna urðu í hálfku og í einu tilviki var vegurinn þurr. Dagsbirta var úti þegar tvö slyssanna urðu en myrkur í einu tilviki.



*Mynd 3 Umferðarslys á Hringvegi, 1-k9.*

Á vegkafla 1-k9 urðu 24 slys á tímabilinu 2009-2013. Í einu slysi urðu mikil meiðsli á fólki, þegar ökumaður bifhjóls féll af hjóli sínu. Ekki er vitað um færð eða birtuskilyrði þegar slysið varð. Í fimm slysum urðu lítil meiðsli á fólki, þrjú urðu við útafakstur, eitt þegar ekið var á hlið bifreiðar og eitt þegar ekið var á fastan hlut á akbraut. Hálka var á vegi í einu tilviki, bleyta í tveimur tilvikum, vegurinn var þurr í einu tilviki og ekki er vitað um færð í einu tilviki. Dagsbirta var úti í tveimur tilvikum, myrkur eða rökkur í tveimur tilvikum en ekki er vitað um birtuskilyrði í einu tilviki.

Einn staður á vegkafla 1-k9 sker sig úr þegar slysin eru skoðuð, á 628 m kafla frá stöð 6825-7453. Þar urðu 6 slys, þrjú með litlum meiðslum og þrjú með engum meiðslum. Í þremur tilvikum varð slys við útafakstur, í einu tilviki var ekið á fastan hlut á akbraut, í einu tilviki varð óhapp við steinkast og í einu tilviki var ekið á dýr á akbraut. Hálka var á vegi í einu tilviki, vegurinn var þurr í tveimur tilvikum, blautt var úti í einu tilviki en ekki er vitað um færð í tveimur tilvikum.



*Mynd 3 Umferðarslys á Hringvegi, 1-m1.*

Á vegkafla 1-m1 urðu sjö slys á tímabilinu 2009-2013. Í tveimur slysum urðu lítil meiðsli á fólki, bæði urðu þegar ekið var þvert yfir veg og útaf við sömu T-vegamótin. Í öðru slysinu var dagsbirta úti og færðin skilgreind sem góð. Í hinu slysinu var rökkur úti og blautt.

Vegamót Skagastrandarvegar við Hringveg skera sig úr þegar slysin eru skoðuð en fjögur slys urðu við vegamótin á tímabilinu. Lítil meiðsli urðu í tveimur slysum og engin meiðsli í tveimur. Í öllum slysunum var ekið þvert yfir veg og útaf við vegamótin. Hálsa var í tveimur tilvikum, blautt í einu tilviki og í einu tilviki var færðin skilgreind sem góð. Dagsbirta var í tveimur tilvikum og rökkur eða myrkur í tveimur.



# Umferðaröryggisúttekt vega



Mikilvægt er að huga sérstaklega að umhverfi vegarins við þá staði sem skera sig úr hvað slysin varðar. Sérstök athygli er vakin á vegamótum Skagastrandavegar og Hringvegar. Þar urðu fjögur slys þegar ekið var þvert yfir veginn og útaf. Merkingar við vegamótin voru bættar árið 2012, þverriffur voru settar á Skagastrandarveg og þverslár og stefnuörvar settar upp til að gera vegamótin sýnilegri. Tvö slys hafa orðið þegar keyrt er þvert yfir veg og útaf síðan umbæturnar voru gerðar við vegamótin, annað varð árið 2013 og hitt árið 2016. Mjög bratt og hátt er framaf þegar ekið er þvert yfir vegamótin og útaf, því ætti að huga sérstaklega að bættu umhverfi vegarins við þennan stað.

Á tímabilinu 2009-2013 urðu 16 slys á vegköflunum þegar hálka eða ísing var á veginum, eða í um 31% tilvika, en það undirstrikar mikilvægi hálkuvarna. Útafakstur var lang algengasta slysattegundin á vegköflunum á tímabilinu sem var til skoðunar og því er mikilvægt að útfæra umhverfi vegarins þannig að alvarleg slys verði ekki á fólki þó að það lendi út af vegi. Einnig má benda á að ekið var á dýr í 10 tilvikum eða í um 19% tilfella. Það gefur tilefni til að kanna hvort eitthvað megi bæta sem snýr að ástandi girðinga.

Í töflu 1 eru sýnd grunn gögn sem eiga við úttektarkaflana.

**Tafla 1 Grunn gögn**

Veg- og kaflanúmer og stöð í km		Leyfilegur hámarks- hraði (km/klst)	ÁDU 2013 (fjöldi bíla á sólahr.)	Lágmarks- breidd öryggissvæðis (m)
Byrjun	Endir			
1-k8_0,00	1-k8_11,41	90	1177	7
1-k9_0,00	1-k9_10,92	90	1334	7
1-k9_10,92	1-k9_11,40	50	1334	3
1-m1_0,00	1-m1_0,46	50	1242	3
1-m1_0,46	1-m1_1,45	90	1242	7

## 5 Samantekt um úttektina

Helstu athugasemdir sem gerðar voru í umferðaröryggisúttekt þessari eru að víða á vegköflunum sem voru til skoðunar eru fláar of brattir, stallaðir eða aðrar athugasemdir gerðar við þá. Einnig eru kverkar tenginga og vegamóta oft of brattar. Víða þarf að laga fláa skiltapúða. Töluvert af ræsum er á vegköflunum sem þarf að lengja og laga. Á sumum stöðum verður varla hjá því komist að setja upp vegrið. Einnig var víða gerð athugasemd við grjót meðfram vegi. Á kafla 1-k9 við stöð 4984 er gerð athugasemd við að öryggissvæði er mjög þýft. Óljóst er hvaða áhrif þúfunar hafa ef bíll fer út af vegi, draga þær úr hraða bílsins eða skella bílarnir niður og staðnæmast á þúfunum? Þetta atriði á við á mörgum stöðum á úttektakaflanum en er ekki sérstaklega merkt nema á þessum eina stað.

Bent er á ýmis varhugaverð atriði í samantekt um hvern vegkafla fyrir sig hér að neðan. Niðurstöður úttektarinnar er svo að finna í fylgiskjölum aftast í skýrslunni. Í þeim eru upplýsingar um staðsetningu (lengd í línu) ásamt lýsingu og ljósmyndum, ef til eru, um öll atriði sem skráð voru í umferðaröryggisúttekt vegarins. Í sumum tilvikum eru nefndar tillögur til úrbóta en nauðsynlegt er að hanna sum atriðanna fyrir framkvæmdir.

### 1-k8

Á vegkafla 1-k8 voru eftirfarandi staðir sérstaklega skráðir sem slæmir staðir eða staðir þar sem að lagfæringar ættu að vera í forgangi:

- Óvarið ræsi vinstra megin, í stöð 896.
  - Ræsi sem þarf að lengja og laga fláa, vatn við ræsisenda. Vondur staður.
- Óvarið ræsi hægra megin, í stöð 1820.
  - Þarf að lengja og laga fláa. Nokkuð slæmur staður.
- Óvarið ræsi vinstra megin, í stöð 1824.
  - Ræsi, vondur staður.
- Of brattur flái vinstra megin, frá stöð 3609-4053.
  - Brattur flái en ekki mjög hár. Er 1 m á köflum en hækkar svo upp í 3 m. Mjög varasamt á köflum. Athuga vel, slæmur staður!! Lækkar svo aftur en er alltaf mjög brattur.
- Merkjapúði hægra megin, í stöð 4252.
  - Slæmir fláar.
- Vegamót hægra megin, í stöð 4280.
  - Vegamót við Vatnsdalsveg. Mjög slæmar kverkar.
- Vegrið vantar við brú, í stöð 4997.
  - Brú yfir Vatnsdalsá (Hnausakvísl). Lengja þarf vegrið á hefðbundinn hátt, beggja vegna vegar. Forgangur 1.
- Of brattur flái vinstra megin, frá stöð 7038-7101.
  - Brotinn flái. Hæpið. Þarf að fylla betur í. Forgangur 2.

- Vegrið vantar vinstra megin, frá stöð 7800-8042.
  - Á kafla sem var breikkaður og styrktur nýlega.
- Óvarið ræsi vinstra megin, í stöð 8098.
  - Jarðfall í fláa. Hér hefur ræsi verið lengt og flái lagaður, en ræsi ekki lengt nægilega mikið og fyrir vikið hefur vatn grafið undan fláanum og þess vegna orðið jarðfall og stórgrýti tekur við þeim sem þarna fara fram af. Forgangur 1. Verður að laga.

*Á lista yfir öryggisaðgerðir ársins 2017 stendur til að laga ræsi og setja fláavegrið, u.þ.b. frá stöð 7800-8100 að viðbættum endafrágangi. Gert er ráð fyrir að heildarlengd vegriðs verði um 400 m með endum sbr. fleiri slæma staði í nágrenninu.*

- Tenging vinstra megin, í stöð 8117.
  - Túntenging, slæmar kverkar, sérstaklega sunnanmegin.
- Of brattur flái vinstra megin, frá stöð 9736-9776.
  - Slæmur staður, moldarstallur í fláa sem þarf að jafna. Ófrágenginn ruðningur sem myndar vegg. Grjót í þessu. Ójafn ruðningur, mold og grjót.
- Tenging hægra megin, í stöð 10132.
  - Túntenging sem þyrfti að fjarlægja. Kverk mjög slæm að sunnanverðu.
- Tenging vinstra megin, í stöð 10135.
  - Slæmar kverkar báðum megin. Túntenging.
- Tenging vinstra megin, í stöð 10380.
  - Tenging að Litlu-Giljá. Laga kverkar. Hægra megin við tengingu er kverkin brött og há, og hættulegt ef keyrt er út úr beygju til vinstri í norðurátt. Slæmur staður. Lausn: t.d. færa tengingu að Litlu-Giljá ofar í hlíðina. Laga vegriðsenda.
- Ýmislegt vinstra megin, í stöð 10386-10582.
  - Röravegrið til staðar. Slæmur staður vegna plans sem er til staðar við norðurenda vegriðs. Brattur flái við enda plans og byrjun vegriðs. Lengja vegriðsenda inn á planið. Einnig slæmur staður við suðurenda vegriðs. Mjög brattur flái.
- Tenging vinstra megin, í stöð 10626.
  - Tenging að Stóru-Giljá, hálfgerð plan. Slæmur staður við vegriðsenda.
- Of brattur flái vinstra megin, í stöð 11389.
  - Allt of brattur flái við hjárein við Reykjabraut. Á við alla hjáreinina. Á einnig við ef keyrt er þvert yfir T gatnamót, mjög slæmt. Þyrfti að setja þverslá.

## 1-k9

Á vegkafla 1-k9 voru eftirfarandi staðir sérstaklega skráðir sem slæmir staðir eða staðir þar sem að lagfæringar ættu að vera í forgangi:

- Merkjapúði vinstra megin, í stöð 2.
  - Skiltapúði með leiðamerkjum við Reykjabraut. Slæmir fláar.
- Vegrið vantar hægra megin, frá 58-72
  - Forgangur 1.
- Óvarið ræsi hægra megin, í stöð 61.
  - Mjög slæmt ræsi, skemmt. [*Ath. þetta ræsi var lagað 2014 sbr. upplýsingar í framkvæmdaskýrslu Norðursvæðis fyrir 2014: Þúfnalækur, 1-k9, ræsi lengt um 6 m í báðar áttir og endafrágangur lagaður.*]
- Merkjapúði vinstra megin, í stöð 114.
  - Laga þarf fláa. Mjög slæmt. Skiltapúði: Húnavellir.
- Stakir steinar hægra megin, í stöð 290.
  - 2-3 slæmir steinar. Fjarlægja.
- Vegamót hægra megin, í stöð 1447.
  - Vegamót að Kringlu, slæmar kverkar.
- Of brattur flái hægra megin, frá stöð 2933-2997.
  - Vondur flái, með stalla, hár.
- Vegamót vinstra megin, í stöð 3349.
  - Vegamót að Skinnastöðum. Kverk að norðanverðu slæm.
- Óvarið ræsi hægra megin, í stöð 3394.
  - Mjög vondur staður. Óvarið ræsi. Laga fláa. Lengja ræsi.
- Óvarið ræsi vinstra megin, í stöð 3398.
  - Steypt bogadregið ræsi, hálfbogarási. Vondur staður. Brattur flái.
- Of brattur flái vinstra megin, frá stöð 4122-4234.
  - Þessi flái er umhverfis óvarið ræsi við Torfalæk. Mjög hátt. Þar var metið 2013 að vegrið vantaði við stórt stálræsi. Forgangur 1.
- Óvarið ræsi hægra megin, í stöð 5228.
  - Lengja ræsi og laga fláa. Vondur staður, djúpt niður.
- Óvarið ræsi vinstra megin, í stöð 5234.
  - Óvarið ræsi innan öryggissvæðis. Þarf að lengja og laga fláa. Slæmur þverskurður við enda ræsis með vatni. Mynd. Slæmur staður.
- Óvarið ræsi hægra megin, í stöð 6312.
  - Mjög slæmt ræsi.

- Vegrið vantar, stöð 7227.
  - Laxá á Ásum. Lengja þarf vegrið. Forgangur 1. Ath. árið 2015 var skipt um vegrið á brúnni og settir samtals 244 m af vegriði utan brúar auk þess sem fjórir öryggisendar voru settir upp.
- Ýmislegt, í stöð 7313.
  - Sprunga (skora) í miðjum vegi ATH STRAX.
- Tenging vinstra megin, í stöð 7316.
  - Óskilgreind tenging. Slæmar kverkar, sérstaklega sunnan við.
- Merkjapúði vinstra megin, í stöð 10388.
  - Fjarlægðartafla. Þrjár stoðir með skástífum. Slæmar kverkar.
- Tenging vinstra megin, í stöð 10409.
  - Tenging sem ætti að fjarlægja. Slæmar kverkar.
- Tenging hægra megin, í stöð 10909.
  - Mjög slæmar kverkar. Tenging að útihúsum.
- Tenging vinstra megin, í stöð 10910.
  - Tenging að einhverju óskilgreindu. Kverkar slæmar.
- Merkjapúði hægra megin, í stöð 11292.
  - Skiltapúði sem má fjarlægja, mjög slæmir fláar.

## 1-m1

Á vegkafla 1-m1 var eftirfarandi staður sérstaklega skráður sem slæmur staður:

- Óvarið ræsi hægra megin, stöð 997.
  - Lítið ræsi sem þarf að lengja og laga fláa við ræsið í leiðinni. Slæmur staður.

Niðurstöður úttektarinnar eru í fylgiskjöllum hér fyrir aftan. Þar er varhugaverðum atriðum sem fundust lýst með upplýsingum um staðsetningu (lengd í línu) og ljósmyndum, ef til eru.

# Umferðaröryggisúttekt vega



## Fylgiskjal

Veg- og kaflanr.		Vegheiti	Byrjun kaflans	Endir kaflans
1	k8	Hringvegur	Gljúfurá	Reykjabraut (724-01)

Aðstæður (B beggja megin, V: vinstra megin, H: hægra megin) (Lengd í m):

B.st.	E.st.	Lengd	Nöfn táknmynda	Gildi	Athugasemdir
262	896	634	Of brattur flái	V	Brattur flái. Leiðinlega brattur á köflum og sums staðar mjög brattur, hækkar á hluta. Í lagi með púða með skilti sem minnir fólk á bílbeltin. Sums staðar er fláinn mjög lágur. Sums staðar hár.
323	686	363	Of brattur flái	H	Ekki hár flái en mjög brattur.
729	793	64	Of brattur flái	H	Slæmur „súnkflái“ [erfitt að ganga án þess að detta].
896			Óvarið ræsi ≤ 1,5 m	V	Ræsi sem þarf að lengja og laga fláa, vatn við ræsisenda. Vondur staður.
898			Óvarið ræsi ≤ 1,5 m	H	Lengja ræsi og laga fláa.
1001	1182	181	Grjót meðfram vegi	H	
1256	1353	97	Of brattur flái	V	Brattur flái.
1331			Stakir steinar	H	2-3 steinar.
1359			Tenging	V	Túntenging. Steinar í eystri kverk. Laga báðar kverkar. Réttartenging.
1607			Stakir steinar	H	

Dagsetning gagna frá - til: 10.9.2013 14:54:40 - 10.9.2014 18:18:54

Myndir:

--	--

# Umferðaröryggisúttekt vega



Veg- og kaflannr.	Vegheiti	Byrjun kaflans	Endir kaflans
1	k8	Hringvegur	Gljúfurá
			Reykjabraut (724-01)

Aðstæður (B beggja megin, V: vinstra megin, H: hægra megin) (Lengd í m):

B.st.	E.st.	Lengd	Nöfn táknmynda	Gildi	Athugasemdir
1620	1852	232	Of brattur flái	V	„Súnkflái“. Bratt. Ekki mjög hár.
1626	1701	75	Of brattur flái	H	„Súnkflái“.
1649			Stakir steinar	H	3 steinar frekar nálægt vegi.
1789	2433	644	Of brattur flái	H	Stallur í fláanum. Lágur flái. Margbrotinn á köflum.
1820			Óvarið ræsi ≤ 1,5 m	H	Þarf að lengja og laga fláa. Nokkuð slæmur staður.
1824			Óvarið ræsi ≤ 1,5 m	V	Ræsi, vondur staður.
2008	2135	127	Of brattur flái	V	Stallur í fláa, brattur. „Súnkflái“. Ekki hár.
2140			Tenging	V	Túntenging laga kverkar vestanmegin.
2152			Stakir steinar	H	Nokkrir steinar.
2280			Vegamót	H	Vegamót að Uppsölum. Laga þarf kverkar.
2514	2619	105	Of brattur flái	H	Mishár.
				Dagsetning gagna frá - til:	10.9.2013 14:54:40 - 10.9.2014 18:18:54

Myndir:


# Umferðaröryggisúttekt vega



Veg- og kaflanr.	Vegheiti	Byrjun kaflans	Endir kaflans
1	k8	Hringvegur	Reykjabraut (724-01)

## Aðstæður (B beggja megin, V: vinstra megin, H: hægra megin) (Lengd í m):

B.st.	E.st.	Lengd	Nöfn táknmynda	Gildi	Athugasemdir
2619	3255	636	Skurður við veg	H	Skurður í 9 m fjarlægð frá kantlínu A.m.k. 1 m djúpur og stór steinn í skurðbotni.
2762	2977	215	Of brattur flái	V	Stallaður flái.
3015	3147	132	Of brattur flái	H	(Brot).
3071			Stakir steinar	V	Mjög stór steinn sem þarf að fjarlægja.
3088			Tenging	V	Tenging að Þrístöpum. Laga kverkar.
3498	3559	61	Of brattur flái	H	Brot í fláa („súnk“).
3553			Ýmislegt	V	90 km/klst.
3559			Óvarið ræsi ≤ 1,5 m	H	Lítið, þarf að lengja og laga fláa.
3561			Óvarið ræsi ≤ 1,5 m	V	Vont ræsi. Lítið steipt rör, 50-60 cm, hálfullt af vatni. Er ekki að virka. Hér þarf að laga. Lengja ræsi út fyrir öryggissvæði og laga fláa.
3609	4053	444	Of brattur flái	V	Brattur flái en ekki mjög hár. Er 1 m á köflum en hækkar svo upp í 3 m. Mjög varasamt á köflum. Ath vel, slæmur staður!! Lækkar svo aftur en er alltaf mjög brattur.
				Dagsetning gagna frá - til:	10.9.2013 14:54:40 - 10.9.2014 18:18:54

## Myndir:



1-k8\_3561



# Umferðaröryggisúttekt vega



Veg- og kaflannr.	Vegheiti	Byrjun kaflans	Endir kaflans
1	k8	Hringvegur	Reykjabraut (724-01)

## Aðstæður (B beggja megin, V: vinstra megin, H: hægra megin) (Lengd í m):

B.st.	E.st.	Lengd	Nöfn táknmynda	Gildi	Athugasemdir
3707	3973	266	Of brattur flái	H	Mjög brattur en lágur allan tímann.
4085	4551	466	Of brattur flái	H	Mjög brattur á köflum, t.d. í lok kafla.
4119			Stórt tré við veg	V	Tvö tré með sverum stofni innan öryggissvæðis.
4252			Merkjapúði	H	Slæmir fláar.
4271			Vegamót	V	Vegamót að Þingeyravegi. Hér er skiltapúði með fláa sem þarf að laga og einnig þarf aðeins að laga kverk vestan tengingar. Vegur 721.
4280			Vegamót	H	Vegamót við Vatnsdalsveg. MJög slæmar kverkar.
4285	4328	43	Vatn > 0,25 m	H	Mýri í fláafæti.
4328			Óvarið ræsi ≤ 1,5 m	H	60 cm steinræsi sem þarf að lengja.
4334			Óvarið ræsi ≤ 1,5 m	V	Ræsi sem þarf að lengja og laga fláa. Steinrör. 60 cm. MJög brattur flái í kringum ræsi.
4373			Tenging	H	Tenging að rétt, laga kverkar.
4374			Tenging	H	Tenging að rétt, athuga kverkar.

Dagsetning gagna frá - til: 10.9.2013 14:54:40 - 10.9.2014 18:18:54

## Myndir:



1-k8\_4328



1-k8\_4334

# Umferðaröryggisúttekt vega



Veg- og kaflannr.	Vegheiti	Byrjun kaflans	Endir kaflans
1	k8	Hringvegur	Gljúfurá
			Reykjabraut (724-01)

Aðstæður (B beggja megin, V: vinstra megin, H: hægra megin) (Lengd í m):

B.st.	E.st.	Lengd	Nöfn táknmynda	Gildi	Athugasemdir
4401			Of brattur flái	V	Brattur flái, ekki hár. Mjög brattur í kringum ræsi.
4488	4572	84	Of brattur flái	V	Brattur flái.
4498	4551	53	Grjót meðfram vegi	H	Grjót í fláafæti
4568			Ýmislegt	H	Búfjargöng við Sveinsstaði, frágangur er ekki samkv. kröfum.
4571			Ýmislegt	V	Grjótfylling ofan á búfjargöngum of hvöss, ganga betur frá.
4592			Vegamót	V	Vegamót að Sveinsstöðum. Vestanmegin þarf að laga kverk.
4628	5233	605	Of brattur flái	H	Brattur og hár. Votlendi í (votur mói) fláafæti.
4640	4894	254	Vatn > 0,25 m	V	Vatn og mýri í fláafæti
4642	4726	84	Of brattur flái	V	Brattur flái.
4795	4913	118	Of brattur flái	V	Brattur flái en ekki mjög hár.
				Dagsetning gagna frá - til:	10.9.2013 14:54:40 - 10.9.2014 18:18:54

Myndir:


# Umferðaröryggisúttekt vega



Veg- og kaflannr.	Vegheiti	Byrjun kaflans	Endir kaflans
1	k8	Hringvegur	Reykjabraut (724-01)

Aðstæður (B beggja megin, V: vinstra megin, H: hægra megin) (Lengd í m):

B.st.	E.st.	Lengd	Nöfn táknmynda	Gildi	Athugasemdir
4886			Tenging	H	Tenging niður að Vatnsdalsá.
4997			Vegrið vantar		Brú yfir Vatnsdalsá (Hnausakvísl). Lengja þarf vegrið á hefðbundinn hátt, beggja vegna vegar. Forgangur 1. [Sbr. skráningu 2013]
5089			Tenging	V	Tenging að veiðislóð, laga kverkar.
5203	5366	163	Skurður við veg	V	Skurður í 9 m fjarlægð, innan eins og hálfis öryggissvæðis, dýpri en 1 m.
5403			Ýmislegt	H	Búfjargöng fyrir sauðfé. Laga þarf fláa aðeins.
5455			Vegamót	H	Vegamót að Hnausum 2. Ekki nógu góðar kverkar.
5516			Vegamót	H	Tenging að Hnausum Mætti laga kverkar.
6051	6156	105	Of brattur flái	V	Of brattur flái, ekki hár.
6113			Merkjapúði	H	Laga þarf fláa.
6120			Of brattur flái	H	Ekki mjög brattur. Endar í vegriði við Árfar.
6149	6262	113	Ýmislegt	H	Víravegrið til staðar.
Dagsetning gagna frá - til:					10.9.2013 14:54:40 - 10.9.2014 18:18:54

Myndir:


# Umferðaröryggisúttekt vega



Veg- og kaflannr.	Vegheiti	Byrjun kaflans	Endir kaflans
1	k8	Hringvegur	Gljúfurá
			Reykjabraut (724-01)

## Aðstæður (B beggja megin, V: vinstra megin, H: hægra megin) (Lengd í m):

B.st.	E.st.	Lengd	Nöfn táknmynda	Gildi	Athugasemdir
6177	6279	102	Ýmislegt	V	Víravegrið til staðar
6290			Merkjapúði	H	Laga fláa.
6303			Vegamót	H	Vegamót við Vatnsdalsveg. Laga þarf kverkar. Ræsi undir Vatnsdalsveg er í 11 m fjarlægð frá Hringvegi. Hlaðinn grjóttveggur við endann á ræsinu. Skapar hættu við útafakstur af aðalvegi. Symmetriskt um Vatnsdalsveg.
6306			Merkjapúði	V	Laga fláa
6364			Tenging	V	Túntenging, laga kverkar vestan við.
6419			Merkjapúði	V	Laga fláa sérstaklega vestan megin á skiltapúða.
6702	6727	25	Of brattur flái	V	Brotinn flái. Fallið fram af ræsinu er mun meira en 4 m og því þarf að skoða vel hvort þurfi að setja vegrið. [Sbr. skráningu 2013]
6709			Óvarið ræsi ≤ 1,5 m	V	Ekki góður frágangur. Þvermál ræsis 1,30 m. [Sbr. skráningu 2013]
6710			Óvarið ræsi ≤ 1,5 m	H	Djúp gryfja fyrir utan einfalt öryggissvæði. Ræsisendinn er í 9-10 m fjarlægð. Þá tekur lágt þverhnípi við. Uppfyllir kröfur en er ekki gott.
6910			Tenging	H	Túntenging með ræsi í gegn. Þarf að laga kverkar.
Dagsetning gagna frá - til:					10.9.2013 14:54:40 - 10.9.2014 18:18:54

## Myndir:


# Umferðaröryggisúttekt vega



Veg- og kaflannr.	Vegheiti	Byrjun kaflans	Endir kaflans
1	k8	Hringvegur	Reykjabraut (724-01)

## Aðstæður (B beggja megin, V: vinstra megin, H: hægra megin) (Lengd í m):

B.st.	E.st.	Lengd	Nöfn táknmynda	Gildi	Athugasemdir
6963			Ýmislegt	H	Skilti, 90 km/klst hámarks hraði.
7038	7101	63	Of brattur flái	V	Brotinn flái. Hæpið. Þarf að fylla betur í . Forgangur 2. [Sbr. skráningu 2013]
7246			Tenging	H	Nýleg tenging. Ómögulegar kverkar, sérstaklega að sunnanverðu, hægra megin í tengingu.
7762			Ýmislegt	H	Aurskriða hefur hlaupið í rás, stíflað hana og veldur því að uppistaða myndast. ATH.
7800	8042	242	Vegrið vantar	V	Forgangur 2. Myndir (AÞÁ). Á kafla sem var breikkaður og styrktur nýlega. [Sbr. skráningu 2013]
7815			Óvarið ræsi ≤ 1,5 m	H	Lítið ræsi. Líklega í lagi.
7843			Ýmislegt	V	Hér er slæmt að fara útaf. Flái stenst kröfur um hversu brattur hann er. Brot er í fláa og ef farið er útaf út fyrir fláann þá er þetta mjög slæmur staður.
7980			Óvarið ræsi ≤ 1,5 m	H	Lítið ræsi. Það sem er athugavert er grjótið sem er ofan á ræsinu.
7985			Óvarið ræsi ≤ 1,5 m	V	Ræsi sem hefur verið lengt út fyrir öryggissvæði en ganga þarf betur frá grjóti við ræsisenda. Skapar hættu við útafakstur.
8098			Óvarið ræsi ≤ 1,5 m	V	Jarðfall í fláa. Hér hefur ræsi verið lengt og flái lagaður, en ræsi ekki lengt nægilega mikið og fyrir vikið hefur vatn grafið undan fláanum og þess vegna orðið jarðfall og stórgrýti tekur við þeim sem þarna fara fram af. Forgangur 1. Verður að laga
Dagsetning gagna frá - til:					10.9.2013 14:54:40 - 10.9.2014 18:18:54

## Myndir:



1-k8\_7800-8042



1-k8\_8098

# Umferðaröryggisúttekt vega



Veg- og kaflannr.	Vegheiti	Byrjun kaflans	Endir kaflans
1	k8	Hringvegur	Gljúfurá
			Reykjabraut (724-01)

Aðstæður (B beggja megin, V: vinstra megin, H: hægra megin) (Lengd í m):

B.st.	E.st.	Lengd	Nöfn táknmynda	Gildi	Athugasemdir
8098			Óvarið ræsi ≤ 1,5 m	V	50 cm ræsi. Vegflái skemmdur. Mikið hefur runnið úr vegfláa. Laga þarf endaðfrágang við ræsi. ATH. ATH. Þarf að laga strax. [Tvískráning, þessi skráning er frá 2013]
8117			Tenging	V	Túntenging, slæmar kverkar, sérstaklega sunnanmegin.
8170			Vegamót	H	Vegamót að Öxl. Laga þarf kverkar, sérstaklega norðan megin.
8295			Stakir steinar	V	Stakir steinar í auknu öryggissvæði
8552	8635	83	Grjót meðfram vegi	V	Stórir steinar í fláafæti rétt innan eða á jaðri tvöfalds öryggissvæðis
8882			Tenging	H	Tenging. Þarf að laga kverk að norðanverður. Er fín að sunnanverðu.
8904			Óvarið ræsi ≤ 1,5 m	V	Aðeins of stutt ræsi.
8906			Óvarið ræsi ≤ 1,5 m	H	Stenst kröfur en hefði mátt gera betur. Endurskoða þarf leyfilegar stærðir ræsa innan öryggissvæðis.
9067			Tenging	V	Túntenging laga kverk sunnanmegin.
9156			Tenging	V	Túntenging laga kverk sunnan megin.
9224			Vegamót	H	Vegamót að Brekkukoti. Laga þarf kverk norðan megin. Gætu skapast vandamál vegna ræsis sem er undir reiðvegi sem liggur samsíða aðalvegi og fer skáhallt í gegnum hliðarveg.
Dagsetning gagna frá - til:					10.9.2013 14:54:40 - 10.9.2014 18:18:54

Myndir:



1-k8\_8098



1-k8\_9224

# Umferðaröryggisúttekt vega



Veg- og kaflannr.	Vegheiti	Byrjun kaflans	Endir kaflans
1	k8	Hringvegur	Gljúfurá
			Reykjabraut (724-01)

Aðstæður (B beggja megin, V: vinstra megin, H: hægra megin) (Lengd í m):

B.st.	E.st.	Lengd	Nöfn táknmynda	Gildi	Athugasemdir
9248	9301	53	Of brattur flái	V	Brattur flái.
9319			Ýmislegt	V	Búfjargöng. 7-8 m frá vegkanti. Sleppur.
9319			Ýmislegt	H	Búfjargöng. Stórgrýtt í kringum göngin.
9339			Stakir steinar	V	3 stórir stakir steinar, fjarlægja.
9351	9429	78	Of brattur flái	V	Brattur flái. Ekki mjög hár.
9360			Vegamót	V	Vegamót að Syðri-Brekku, laga kverkar báðum megin.
9394			Óvarið ræsi ≤ 1,5 m	H	Uppfyllir kröfur en frágangur er full groddalegur.
9395			Óvarið ræsi ≤ 1,5 m	V	Ræsi sem sleppur, ekki forgangur.
9471			Stakir steinar	V	Nokkrir stakir steinar, fjarlægja
9634			Tenging	V	Túntenging, laga kverk sunnan við.
9736	9776	40	Of brattur flái	V	Slæmur staður, moldarstallur í fláa sem þarf að jafna. Ófrágenginn ruðningur sem myndar vegg. Grjót í þessu. Ójafn ruðningur, mold og grjót.
				Dagsetning gagna frá - til:	10.9.2013 14:54:40 - 10.9.2014 18:18:54

Myndir:


# Umferðaröryggisúttekt vega



Veg- og kaflanr.	Vegheiti	Byrjun kaflans	Endir kaflans
1	k8	Hringvegur	Gljúfurá
			Reykjabraut (724-01)

## Aðstæður (B beggja megin, V: vinstra megin, H: hægra megin) (Lengd í m):

B.st.	E.st.	Lengd	Nöfn táknmynda	Gildi	Athugasemdir
9865			Vegamót		V Vegamót að Brekku, laga kverkar. Laga kverk norðanmegin, í lagi sunnanmegin.
9874			Tenging		H Ræsi í gegnum túntengingu er með grjóthleðslu í kverkum. Steinarnir standa meira en 20 cm upp úr. Lagfæra þarf beggja vegna. Um er að ræða 30 cm hólk. Stærsta steinstærð á að vera 1/3 af þvermáli ræsisins.
10115			Ýmislegt		H Búfjargöng. Uppfyllir kröfur.
10117			Ýmislegt		V Búfjargöng, laga fláa á milli tengingar og gangnanna, of tæpt. Hefðu þurft að vera heldur lengri.
10132			Tenging		H Túntenging sem þyrfti að fjarlægja. Kverk mjög slæm að sunnanverðu.
10135			Tenging		V Slæmar kverkar báðum megin. Túntenging.
10348			Óvarið ræsi ≤ 1,5 m		H Ræsi í gegnum túntengingu sem er á röngum stað. Sett upp í brekkuna.
10380			Tenging		V Tenging að Litlu-Giljá. Laga kverkar. Hægra megin við tengingu er kverkin brött og há, og hættulegt ef keyrt er út úr beygju til vinstri í norðurátt. Slæmur staður. Lausn: t.d. færa tengingu að Litlu-Giljá ofar í hlíðina. Laga vegriðsenda.
10384			Vegrið vantar		V Lengja þarf vegrið 30-50 m út á þverveg að Litlu-Giljá. [Tvískráning, þessi skráning er frá 2013]
10386	10582	196	Ýmislegt		V Röravegrið til staðar.  Slæmur staður vegna plans sem er til staðar við norðurenda vegriðs. Brattur flái við enda plans og byrjun vegriðs. Lengja vegriðsenda inn á planið.  Einnig slæmur staður við suðurenda vegriðs. Mjög brattur flái.
10392	10553	161	Ýmislegt		H Röravegrið til staðar.

Dagsetning gagna frá - til: 10.9.2013 14:54:40 - 10.9.2014 18:18:54

## Myndir:



1-k8\_10384

1-k8\_10384



# Umferðaröryggisúttekt vega



Veg- og kaflanr.		Vegheiti	Byrjun kaflans	Endir kaflans
1	k8	Hringvegur	Gljúfurá	Reykjabraut (724-01)

## Aðstæður (B beggja megin, V: vinstra megin, H: hægra megin) (Lengd í m):

B.st.	E.st.	Lengd	Nöfn táknmynda	Gildi	Athugasemdir
10553	10637	84	Of brattur flái	H	
10597			Tenging	H	Gamli Hringvegurinn. Vegriðið sem er til staðar ætti að ná að þessari tengingu. Hér yrði settur eftirgefandi endi á röravegriði.
10605			Ýmislegt	V	Í þessum punkti ætti endi ABC á vegriði að koma, lengja vegriði í þennan punkt.
10626			Tenging	V	Tenging að Stóru-Giljá, hálfgerð plan. Slæmur staður við vegriðsenda.
10632	10751	119	Of brattur flái	V	Brattur flái.
10637			Tenging	H	Tenging að sumarhúsum. Laga þarf kverk að norðanverðu. Vinstri kverk.
10878			Ýmislegt	H	Búfjargöng. OK.
10881			Ýmislegt	V	Búfjargöng, endar innan aukins öryggissvæðis.
10939			Tenging	V	Túntenging, laga kverkar báðum megin.
10986	10990	4	Stakir steinar	V	Fjarlægja steina (2 stk.)

Dagsetning gagna frá - til: 10.9.2013 14:54:40 - 10.9.2014 18:18:54

## Myndir:



1-k8\_10626



1-k8\_10626

# Umferðaröryggisúttekt vega



Veg- og kaflanr.	Vegheiti	Byrjun kaflans	Endir kaflans
1	k8	Hringvegur	Reykjabraut (724-01)

Aðstæður (B beggja megin, V: vinstra megin, H: hægra megin) (Lengd í m):

B.st.	E.st.	Lengd	Nöfn táknmynda	Gildi	Athugasemdir
11288			Merkjapúði	H	Laga þarf fláa.
11366			Merkjapúði	H	Húnavellir. Laga þarf fláa aðeins.
11389			Vegamót	H	Vegamót við Reykjabraut.
11389			Of brattur flái	V	Allt of brattur flái við hjárein. Á við alla hjáreinina. Hjárein við Reykjabraut. Á einnig við ef keyrt er þvert yfir T gatnamót, mjög slæmt. Þyrfti að setja þverslá.
11400			Vegamót	H	Vegamót við Reykjabraut. Laga kverkar.
				Dagsetning gagna frá - til:	10.9.2013 14:54:40 - 10.9.2014 18:18:54

Myndir:



1-k8\_11389

# Umferðaröryggisúttekt vega



Veg- og kaflanr.	Vegheiti	Byrjun kaflans	Endir kaflans
1	k9	Hringvegur	Reykjabraut (724-01)
			Svínvetningabraut (731-01)

## Aðstæður (B beggja megin, V: vinstra megin, H: hægra megin) (Lengd í m):

B.st.	E.st.	Lengd	Nöfn táknmynda	Gildi	Athugasemdir
2			Merkjapúði	V	Skiltapúði með leiðamerkjum við Reykjabraut. Slæmir fláar.
61			Óvarið ræsi > 1,5 m	H	Mjög slæmt ræsi, skemmt, verður lagað - komið á blað. [Ath. þetta ræsi, Þúfnalækur, var lagað 2014.]
62			Óvarið ræsi > 1,5 m	H	ATH: Ræsi hefur fallið saman og hrúnið úr vegkanti. Lengja má ræsið um 6m f. utan þörf v. viðgerðar. 7-8 m í allt. Myndir. Forgangur 1. [Tvískráning, þessi skráning er frá 2013]. [Ath. þetta ræsi, Þúfnalækur, var lagað 2014.]
65			Óvarið ræsi > 1,5 m	V	Plöturæsi, 1,50. [Sbr. skráningu 2013]. [Ath. þetta ræsi, Þúfnalækur, var lagað 2014.]
90	130	40	Grjót meðfram vegi	H	Grjót meðfram vegi.
114			Merkjapúði	V	Laga þarf fláa. MJög slæmt. Skiltapúði: Húnavellir.
134			Tenging	V	Tenging að plani, minnisvarði. Laga kverkar, ræsi í tengingu. Tvær tengingar á stuttu millibili, spurning um að taka þessa og nota hina.
138	185	47	Of brattur flái	H	Brattur flái.
189			Stakir steinar	V	3 steinar.
Dagsetning gagna frá - til:					10.9.2013 15:09:42 - 10.9.2014 13:32:03

## Myndir:



1-k9\_62

# Umferðaröryggisúttekt vega



Veg- og kaflanr.		Vegheiti	Byrjun kaflans	Endir kaflans
1	k9	Hringvegur	Reykjabraut (724-01)	Svínvetningabraut (731-01)

Aðstæður (B beggja megin, V: vinstra megin, H: hægra megin) (Lengd í m):

B.st.	E.st.	Lengd	Nöfn táknmynda	Gildi	Athugasemdir
267			Tenging	H	Tenging sem virðist ekki vera mikið notuð, laga kverkar. Spurning um að nota þessa tengingu frekar að minnisvarða. Þá þyrfti að laga hana.
276			Óvarið ræsi ≤ 1,5 m	H	Lítið ræsi, 50 cm, mætti lengja, ekki mikið mál.
280			Óvarið ræsi ≤ 1,5 m	V	Lítið ræsi, 50-60 cm í þvermál. Þarf að lengja og fylla upp í.
290			Stakir steinar	H	2-3 slæmir steinar. Fjarlægja.
300			Stakir steinar	V	
302			Of brattur flái	V	Stallar á köflum.
347	453	106	Grjót meðfram vegi	H	Grjót meðfram vegi.
430	571	141	Of brattur flái	V	Stallur í fláa að hluta.
732			Ýmislegt	H	90 km/klst.
780	911	131	Of brattur flái	V	Ath. grjót á stöku stað í þessum bratta fláa.
				Dagsetning gagna frá - til:	10.9.2013 15:09:42 - 10.9.2014 13:32:03

Myndir:


# Umferðaröryggisúttekt vega



Veg- og kaflanr.		Vegheiti	Byrjun kaflans	Endir kaflans
1	k9	Hringvegur	Reykjabraut (724-01)	Svínvetningabraut (731-01)

Aðstæður (B beggja megin, V: vinstra megin, H: hægra megin) (Lengd í m):

B.st.	E.st.	Lengd	Nöfn tákmynda	Gildi		Athugasemdir
881	1203	322	Of brattur flái		H	Brattur flái. Ójafn flái, stallur að hluta.
899	985	86	Vatn > 0,25 m			Vatn innan öryggissvæðis.
1095			Tenging		H	Túntenging, leiðinlegar kverkar.
1244	1408	164	Of brattur flái		H	Brattur flái með stalli að hluta. 1:2,5
1244			Ýmislegt		H	Gamalt rör fyrir umferðarteljara sem þarf að fjarlægja.
1447			Vegamót		H	Vegamót að Kringlu, slæmar kverkar.
2361			Stakir steinar		V	
2933	2997	64	Of brattur flái		H	Vondur flái, með stalla, hár.
2987	3100	113	Of brattur flái		V	
3220			Vegamót		H	Vegamót við Hurðarbak, Meðalheim og Hæli. Laga kverk að norðanverðu.
3343			Stakir steinar		H	Stakur steinn, taka!
					Dagsetning gagna frá - til: 10.9.2013 15:09:42 - 10.9.2014 13:32:03	

Myndir:


# Umferðaröryggisúttekt vega



Veg- og kaflanr.		Vegheiti	Byrjun kaflans	Endir kaflans
1	k9	Hringvegur	Reykjabraut (724-01)	Svínvetningabraut (731-01)

## Aðstæður (B beggja megin, V: vinstra megin, H: hægra megin) (Lengd í m):

B.st.	E.st.	Lengd	Nöfn táknmynda	Gildi	Athugasemdir	
3349			Vegamót	V	Vegamót að Skinnastöðum. Kverk að norðanverðu slæm.	
3352	3420	68	Of brattur flái	V		
3394			Óvarið ræsi > 1,5 m	H	Mjög vondur staður. Óvarið ræsi. Laga fláa. Lengja ræsi.	
3398			Óvarið ræsi > 1,5 m	V	Steypt bogadregið ræsi, hálfbogaræsi. Vondur staður. Brattur flái. ATH.	
3469	3498	29	Of brattur flái	V	Stallur í fláa. Jafna þarf fláa.	
3818			Tenging	H	Túntenging, þarf að laga kverk að norðan.	
3928	4211	283	Of brattur flái	H	Brot í fláa („súnkflái“). Brattur.	
4067	4144	77	Vegrið vantar	H	Stórt ræsi sunnan heimreiðar að Torfalæk. Forgangur 1. [Sbr. skráningu 2013]	
4122	4234	112	Of brattur flái	V	Þessi flái er umhverfis óvarið ræsi við Torfalæk. Mjög hátt. Þar var metið 2013 að vegrið vantaði við stórt stálræsi. Mynd. Forgangur 1.	
4140	4140	0	Vegrið vantar	V	Stórt ræsi (2-3 m) í þvermál. Bratt. Forgangur 1. Rétt sunnan heimreiðar að Torfalæk. Tók eina mynd á vél AÞÁ af ræsinu. Mynd tekin frá þvervegi að Torfalæk. [Sbr. skráningu 2013].	
					Dagsetning gagna frá - til:	10.9.2013 15:09:42 - 10.9.2014 13:32:03

## Myndir:



1-k9\_3398



1-k9\_4122-4234

# Umferðaröryggisúttekt vega



Veg- og kaflannr.		Vegheiti	Byrjun kaflans	Endir kaflans
1	k9	Hringvegur	Reykjabraut (724-01)	Svínvetningabraut (731-01)

## Aðstæður (B beggja megin, V: vinstra megin, H: hægra megin) (Lengd í m):

B.st.	E.st.	Lengd	Nöfn táknmynda	Gildi	Athugasemdir
4141	4176	35	Vegrið vantar		V Stórt ræsi sunnan heimreiðar að Torfalæk. Forgangur 1 Mynd. Moldarlitað vatn. [Tvískráning, þessi skráning er frá 2013].
4210			Vegamót		H Vegamót að Torfalæk, mjög slæmar kverkar.
4362	4496	134	Of brattur flái		V Mísjafn flái, sums staðar stallar. Gróður gerir það að verkum að sums staðar er erfitt að meta bratta fláa.
4503			Tenging		H Laga kverkar að túntengingu.
4508			Tenging		V Túntenging. Kverkar í lagi.
4508	4804	296	Of brattur flái		V Stallur í fláa að hluta. Hæð fláa um 1 m.
4914	5011	97	Of brattur flái		V Stallur í fláa.
4984			Ýmislegt		Öryggissvæði er mjög þýft, spurning hvort það sé gott eða slæmt. Draga þúfurnar úr hraða bíla sem fara útaf eða skella bílar og staðnæmast á þúfunum þegar þeir fara útaf? Á við á mörgum stöðum á úttektarkaflanum en er ekki sérstaklega merkt.
5057	5120	63	Skurður við veg		V Innan aukins öryggissvæðis og á köflum nær.
5057	5120	63	Of brattur flái		V
5138	5176	38	Of brattur flái		V Stallur í fláa.

Dagsetning gagna frá - til: 10.9.2013 15:09:42 - 10.9.2014 13:32:03

## Myndir:



1-k9\_4141-4176

# Umferðaröryggisúttekt vega



Veg- og kaflanr.		Vegheiti	Byrjun kaflans	Endir kaflans
1	k9	Hringvegur	Reykjabraut (724-01)	Svínvetningabraut (731-01)

Aðstæður (B beggja megin, V: vinstra megin, H: hægra megin) (Lengd í m):

B.st.	E.st.	Lengd	Nöfn táknmynda	Gildi	Athugasemdir
5228			Óvarið ræsi > 1,5 m	H	Lengja ræsi og laga fláa. Vondur staður, djúpt niður.
5234			Óvarið ræsi ≤ 1,5 m	V	Óvarið ræsi innan öryggissvæðis. Þarf að lengja og laga fláa. Slæmur þverskurður við enda ræsis með vatni. Mynd. Slæmur staður.
6266	6353	87	Of brattur flái	V	Stallur í fláa. Á þessum kafla hefur APÁ skráð 2013 að vegrið vanti.
6305	6318	13	Vegrið vantar	H	Stórt tvöfalt ræsi. [Tvískráning, þessi skráning er frá 2013]
6307	6320	13	Vegrið vantar	V	Tvö stór ræsi. Þarf vegrið. Myndir. Forgangur 1. [Tvískráning, þessi skráning er frá 2013]
6312			Óvarið ræsi > 1,5 m	H	Mjög slæmt ræsi. Frá stöð 6305-6318 skráði APÁ 2013 að vegrið vantaði.
6523			Vegamót	V	Vegamót að Húnsstöðum. Laga kverkar, sérstaklega sunnan (vestan) megin.
7016			Tenging	V	Túntenging. Laga kverkar.
7016	7307	291	Of brattur flái	V	Mjög brattur.
7030			Vegamót	H	Vegamót að Efra-Holti, laga kverkar norðan megin.
7085	7572	487	Of brattur flái	H	Brattur flái
				Dagsetning gagna frá - til:	10.9.2013 15:09:42 - 10.9.2014 13:32:03

Myndir:



1-k9\_5234



1-k9\_6307-6320



# Umferðaröryggisúttekt vega



Veg- og kaflanr.		Vegheiti	Byrjun kaflans	Endir kaflans
1	k9	Hringvegur	Reykjabraut (724-01)	Svínvetningabraut (731-01)

## Aðstæður (B beggja megin, V: vinstra megin, H: hægra megin) (Lengd í m):

B.st.	E.st.	Lengd	Nöfn táknmynda	Gildi	Athugasemdir
7227			Vegrið vantar		Laxá á Ásum. Lengja þarf vegrið um 90 m beggja vegna vegar. Alls um 180 m. Forgangur 1. [Sbr. skráningu 2013]. Ath. árið 2015 var skipt um vegrið á brúnni og settir samtals 244 m af vegriði utan brúar auk þess sem fjórir öryggisendar voru settir upp.
7313			Ýmislegt		Sprungu (skora) í miðjum vegi ATH.STRAX
7316			Tenging	V	Óskilgreind tenging. Slæmar kverkar, sérstaklega sunnan við.
7370	7584	214	Of brattur flái	V	Mýrlendi tekur við neðan fláans.
7442			Vatn > 0,25 m	V	Vatn innan öryggissvæðis.
7657	7848	191	Of brattur flái	V	Stallur í fláa. Ekki forgangur.
8025	8058	33	Of brattur flái	V	Hár flái, 2,5-3 m.
8618			Tenging	V	Önnur tenging að hvíldarplani.
8709			Vegamót	H	Vegamót að Laxholti, laga kverkar aðallega að norðanverðu.
8713			Tenging	V	Tenging að hvíldarplani

Dagsetning gagna frá - til: 10.9.2013 15:09:42 - 10.9.2014 13:32:03

## Myndir:



1-k9\_7313

# Umferðaröryggisúttekt vega



Veg- og kaflanr.		Vegheiti	Byrjun kaflans	Endir kaflans
1	k9	Hringvegur	Reykjabraut (724-01)	Svínvetningabraut (731-01)

Aðstæður (B beggja megin, V: vinstra megin, H: hægra megin) (Lengd í m):

B.st.	E.st.	Lengd	Nöfn táknmynda	Gildi	Athugasemdir
8727	8806	79	Of brattur flái	V	
8893			Ýmislegt		Á milli Laxár og Hjaltabakka mætti hreinsa grjót
8926			Vegamót	V	Vegamót að Hjaltabakka. Laga þarf kverkar.
9026	9187	161	Of brattur flái	V	1:2, Hæð fláa 1,5 m.
9351	9374	23	Of brattur flái	V	Ekki forgangur. Svólítið misjafn.
9790			Ýmislegt	V	Hér og víðar í grennd við Blönduós hefur hálkvarnarsandur og klæðingarefni safnast saman í kanti og myndað brík þannig að vatnið kemst ekki út af vegi.
10060	10179	119	Of brattur flái	V	1 m hár flái.
10085			Vegamót	H	Vegamót að flugvelli, laga kverkar.
10388			Merkjapúði	V	Fjarlægðartafla. Þrjár stoðir með skástífum. Slæmar kverkar.
10409			Tenging	V	Tenging sem ætti að fjarlægja. Slæmar kverkar.
				Dagsetning gagna frá - til:	10.9.2013 15:09:42 - 10.9.2014 13:32:03

Myndir:


# Umferðaröryggisúttekt vega



Veg- og kaflannr.		Vegheiti	Byrjun kaflans	Endir kaflans
1	k9	Hringvegur	Reykjabraut (724-01)	Svínvetningabraut (731-01)

Aðstæður (B beggja megin, V: vinstra megin, H: hægra megin) (Lengd í m):

B.st.	E.st.	Lengd	Nöfn táknmynda	Gildi	Athugasemdir
10486	10810	324	Of brattur flái	H	Brattur flái. Hár og brattur, mjög brattur á kafla.
10497	10789	292	Of brattur flái	V	
10526			Ýmislegt	V	Skilti um 90 km/klst. og aðalbraut.
10893			Ýmislegt	H	Þéttbýlismarki, Blönduós.
10897			Merkjapúði	V	Laga skiltapúða við merkið: þéttbýli endar.
10897			Ýmislegt	V	Merkið þéttbýli endar.
10909			Tenging	H	Mjög slæmar kverkar. Tenging að útihúsum.
10910			Tenging	V	Tenging að einhverju óskilgreindu. Kverkar slæmar.
10914	10928	14	Of brattur flái	H	Brattur flái, vatnsrás í fláafæti, og brattur flái hinum megin (skering).
11002	11069	67	Of brattur flái	V	Flái innan við 1 metri á hæð.

Dagsetning gagna frá - til: 10.9.2013 15:09:42 - 10.9.2014 13:32:03

Myndir:

--	--

# Umferðaröryggisúttekt vega



Veg- og kaflannr.		Vegheiti	Byrjun kaflans	Endir kaflans
1	k9	Hringvegur	Reykjabraut (724-01)	Svínvetningabraut (731-01)

Aðstæður (B beggja megin, V: vinstra megin, H: hægra megin) (Lengd í m):

B.st.	E.st.	Lengd	Nöfn táknmynda	Gildi	Athugasemdir
11008			Merkjapúði	H	Skiltapúði með steiptum undirstöðum, í lagi með púðann.
11085	11366	281	Vegbúnaður við veg	V	Lýsing. Venjulegir staurar. OK, sbr. hámarkshraði 50 km/klst.
11088	11349	261	Of brattur flái	H	Hár og brattur flái. Reiðvegur í fláafæti að hluta.
11168	11319	151	Of brattur flái	V	
11190			Vegamót	V	Vegamót inn á bensínplan. Huga þyrfti að kverkum.
11292			Merkjapúði	H	Skiltapúði sem má fjarlægja, mjög slæmir fláar.
11385			Vegamót		Hringtorg á Blönduósi. Kaflaskil Svínvetningabraut.
				Dagsetning gagna frá - til:	10.9.2013 15:09:42 - 10.9.2014 13:32:03

Myndir:


# Umferðaröryggisúttekt vega



Veg- og kaflannr.	Vegheiti	Byrjun kaflans	Endir kaflans
1	m1	Hringvegur	Blönduós, Efstabraut
			Skagastrandarvegur (74-01)

## Aðstæður (B beggja megin, V: vinstra megin, H: hægra megin) (Lengd í m):

B.st.	E.st.	Lengd	Nöfn táknmynda	Gildi	Athugasemdir
0			Vegamót		Vegamót við Efstabraut á Blönduósi.
1			Tenging	H	Tenging að upplýsingaplani og tjaldstæði. Ætti að loka og nota nyrðri útkeyrslu.
56			Grjót meðfram vegi	V	Steinar við brunahana, 2 m frá kantlínu. Fjarlægja ætti steina og verja brunahana á annan hátt. Svo virðist sem kantsteinn hafi ekki verið fjarlægður.
63			Tenging	H	Tenging að upplýsingaplani og tjaldstæði. Vantar biðskyldu.
123	321	198	Ýmislegt	H	Vegrið til staðar. KK ekki viss um að innspennuskilyrðum sé fullnægt. Vantar hatta á sumar vegriðsstoðir.
294			Vegbúnaður við veg	V	Hraðaviðvörðunarskilti. Blikkljós, rafmagnskassi. Rammað inn í 3 rör. Fjarlægð frá kantlínu 2 m.
365			Vegbúnaður við veg	V	Staur með rafmagni fyrir hraðaviðvörðunarskilti er ca. 1 m fjarlægð frá vegkanti. Ekki aðsjá að staur sé eftirgefandi.
443			Ýmislegt	H	Merki um að þéttbýli sé lokið.
446			Ýmislegt	V	Þéttbýlisskilti.

Dagsetning gagna frá - til: 10.9.2013 15:29:03 - 10.9.2014 09:44:51

## Myndir:



1-m1\_56



1-m1\_294

# Umferðaröryggisúttekt vega



Veg- og kaflannr.	Vegheiti	Byrjun kaflans	Endir kaflans
1	m1	Blönduós, Efstabraut	Skagastrandarvegur (74-01)

## Aðstæður (B beggja megin, V: vinstra megin, H: hægra megin) (Lengd í m):

B.st.	E.st.	Lengd	Nöfn táknmynda	Gildi	Athugasemdir
512	557	45	Of brattur flái		H Brot neðarlega í fláa en það er utan aukins öryggissvæðis, er ekki 4 m hátt.
630			Merkjapúði		H Veðurupplýsingaskilti. Laga þarf kverkar. Þrjár álstoðir hlið við hlið. KK vill setja vegrið á þetta.
730	802	72	Of brattur flái		V Alltof brattur á köflum.
758			Óvarið ræsi ≤ 1,5 m		V Pínulítið ræsi. Aðal vandamálið er bratti fláinn.
942	1152	210	Of brattur flái		V Stallur í fláa. 1-1,5, bratti 1:2 og jafnvel brattari.
997			Óvarið ræsi ≤ 1,5 m		H Lítið ræsi sem þarf að lengja og laga fláa við ræsið í leiðinni. Slæmur staður.
1007			Óvarið ræsi ≤ 1,5 m		V Líklega minna en 1 m í þvermál. Þyrfti að lengja.
1077			Vegbúnaður við veg		H Fjarlægðartafla, stíf, innan öryggissvæðis.
1241			Ýmislegt		H Á þessum kafla eru stikur hægra megin allt of nálægt akrein og þess vegna er búið að keyra þær niður. Kantlínur vantar. Gæti átt eftir að mála, ný klæðing.
1241			Merkjapúði		H Laga þarf fláa á púðanum.

Dagsetning gagna frá - til: 10.9.2013 15:29:03 - 10.9.2014 09:44:51

## Myndir:



1-m1\_630

# Umferðaröryggisúttekt vega



Veg- og kaflannr.	Vegheiti	Byrjun kaflans	Endir kaflans
1	m1	Hringvegur	Blönduós, Efstabraut
			Skagastrandarvegur (74-01)

Aðstæður (B beggja megin, V: vinstra megin, H: hægra megin) (Lengd í m):

B.st.	E.st.	Lengd	Nöfn táknmynda	Gildi		Athugasemdir
1393	1443	50	Of brattur flái		H	Brattur flái.
1394	31	87	Vegrið vantar		H	ATH. Skráning fer yfir kaflaskil. Lengd er frá kafla m1 til m2. Myndi kosta það að hækka þyrfti öll umferðarskilti. Leysir ekki heldur vandamálið þegar menn aka þvert yfir veg og út af [Tvískráning, þessi skráning er frá 2013].
1438			Vegamót			Vegamót við Skagastrandarveg. Laga kverkar.

Dagsetning gagna frá - til: 10.9.2013 15:29:03 - 10.9.2014 09:44:51

Myndir:
